

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði, fimmtudaginn 15. júní 2017 kl. 10:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, María Kristjánsdóttir og Jón Friðrik Matthíasson.

Aldís stjórnaði fundi og Ingibjörg ritaði fundargerð.

1. Nýtt húsnæði við Fljótsmörk 2 í Hveragerði.

Jón Friðrik Matthíasson, byggingafulltrúi Hveragerðisbæjar, kynnti tillögur að breytingum og áætlun um kostnað við þær. Nefndin samþykkir að tillögurnar ásamt kostnaðaráætlun breytinganna verða lagðar fram til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögunum. Jafnframt er bæjarstjóra Hveragerðisbæjar falið að gera viðauka við núverandi leigusamning í samræmi við umræður á fundinum.

2. Beiðni um starfsaðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa uppsveita og Flóa.

Erindi hefur borist frá skólastjórum allra grunnskóla uppsveita og Flóa með beiðni um að starfsaðstaða náms- og starfsráðgjafa sem þar er starfandi verði hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Á fundi nefndarinnar þann 6. mars s.l. var samskonar erindi skólastjórnenda tekið fyrir og hafnað. Afstaða nefndarinnar hefur ekki breyst og telur hún ekki rétt að námsráðgjafar skólanna heyri undir Skóla- og velferðarþjónustuna. Erindinu hafnað.

3. Næsti fundur.

Samþykkt er að næsti fundur verði í lok ágúst þar sem rædd verða fagleg málefni og tekin staðan á þeim verkefnum sem bíða vetrarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40